

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 32/2009

frá 17. mars 2009

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 15/2009 frá 5. febrúar 2009 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1100/2008 frá 22. október 2008 um afnám eftirlits á landamærum aðildarríkjanna með flutningum á vegum og skipgengum vatnaleiðum (kerfisbundin útgáfa) ⁽²⁾.
- 3) Samkvæmt ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 1100/2008 fellur úr gildi reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4060/89 ⁽³⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

12. liður (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4060/89) í XIII. viðauka við samninginn hljóði svo:

„**32008 R 1100**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1100/2008 frá 22. október 2008 um afnám eftirlits á landamærum aðildarríkjanna með flutningum á vegum og skipgengum vatnaleiðum (kerfisbundin útgáfa) (Stjtið. ESB L 304, 14.11.2008, bls. 63).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 1100/2008, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Sjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 18. mars 2009 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 73, 19.3.2009, bls. 52, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 16, 19.3.2009, bls. 23.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 304, 14.11.2008, bls. 63.

⁽³⁾ Stjtið. **EB** L 390, 30.12.1989, bls. 18.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 17. mars 2009.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Alan Seatter

formaður.